

Grænfánafréttir

Eins og allir vita er Leikholt umhverfissvænn Grænfánaleikskóli. Grænfáninn er umhverfisviðurkenning sem úthlutað er á tveggja ára fresti. En til þess að fá fánann endurnýjaðan þarf leikskólinn að ná settum markmiðum sínum og halda áfram sínu góða starfi. Við þöllum okkur á því að vera dugleg að viðhalda þeim árangri sem við höfum náð undanfarin ár. Í síðustu fundargerð Umhverfisnefndar var nýtt þema kynnt til sögunnar, Hnattrænt jafnrétti, en ásamt því vinnum við áfram með nokkur önnur markmið innan þemanna Lífbreytileiki og Átthagar. Hér koma markmið okkar fram að sumarfrí:

Hnattrænt jafnrétti:

Markmið: Að vinna markvisst með þjóðerni barna og starfsfólks leikskólans, fá upplýsingar um aðstæður barna í þeim löndum og tengja við Barnasáttmálann.

Aðgerðir: Fá foreldra barnanna til liðs við okkur í upplýsingaröflun. Finna heimildir á veraldarvefnum. Búa til sýnileg verkefni sem hengd verða upp t.d. landakort þar sem við merkjum inná.

Tímarammi: Nóvember 2017 – júní 2018

Lífbreytileiki:

Markmið: Að aðstoða fuglana í nærumhverfi leikskólans við fæðuöflun. Að fræðast um það hvað fuglarnir kjósi að borða og hvar þeir kjósi að búa. Getum við laðað að okkur fleiri fugla með því að búa til fuglahús fyrir vorið? Búa til einfaldan fæðuvef.

Aðgerðir: Að fræðast um fæðu fugla og fóðra þá samkvæmt því (nota krummapallinn fyrir krumma). Er eitthvað sem við getum gefið þeim, af því sem fellur til í leikskólanum? Búa til fuglahús. Fræðast um búsvæði fuglanna og búa til einfaldan fæðuvef. Kanna hvað gerist ef einhver tegund er tekin útúr fæðuvefnum.

Tímarammi: Nóvember 2017 – mars 2018

Ákveðið var í byrjun febrúar að hafa Fuglaþema á árshátíð og verður því unnið enn frekar með fugla.

Átthagar:

Markmið 1: Að börnin læri að þekkja nærumhverfi leikskólans, s.s. helstu kennileiti og örnefni og finni einhverja þjóðsögu sem tengjast þeim. Vinni svo verkefni tengdri þjóðsögunni og deili með samfélaginu.

Aðgerðir: Fara í skipulagðar gönguferðir a.m.k. 3var sinnum í mánuði. Fara á bókasafnið og finna bækur eftir Jón Eiríksson, þar gætum við fundið þjóðsögur sem tengjast nærumhverfi leikskólans sem og örnefnaskrá. Velja eina þjóðsögu og vinna verkefni henni tengdri og birta í fréttablaði hreppsins.

Tímarammi: Janúar 2018 – júní 2018

Næsti fundur Umhverfisnefndar verður miðvikudaginn 21. Febrúar kl 10.